

Erindi: Athugasemd varðandi bingsályktun um fjármálaáætlun 2018-2022 og hækkun VSK á gistiþjónustu.

Vöxtur ferðaþjónustunnar á Íslandi á síðustu árum er undraverður og hefur vakið athygli um allan heim. Spurt er hver lykillinn sé að þessari miklu aukningu. Fjölmargir aðilar eiga þakkir skyldar fyrir framsækni og vönduð vinnubrögð, fyrir að styrkja atvinnulíf og gjaldeyrisöflun ásamt því að skapa þúsundir nýrra starfa. Aukningin er á við „margar stóriðjur“. Ráðist hefur verið í miklar fjárfestingar og fjöldi verkefna er nú í undirbúningi. Komið verði til móts við óskir og þarfir erlendu ferðamannanna sem jafnframt kalla eftir ákveðinni upplifun í landi elds og ísa. Uppbygging nýs atvinnuvegar er ekki auðvelt verk. Mikill tími og kostnaður fer í undirbúning og fjármögnun. Sumt mun ganga vel en annað illa. Horfa þarf til undirliggjandi áhættu og fjármagn til slíkra verkefna er verðlag á grunni áhættumats. Stilla þarf upp mögulegum áhættuþáttum og kortleggja hvernig bregðast megi við og lágmarka áhættu og tjón. Mörg ár tekur síðan að endurgreiða fjárfestingar og höfuðmáli skiptir svokallað sjóðstreymi, sem þarf að vera jákvætt enda er takmarkað fjármagn harður húsbóndi.

Ferðaþjónustan á Íslandi er í beinni samkeppni á heimsmarkaði. Fjöldi ferðamanna er takmörkuð auðlind sem keppt er um. Benda má að flugfarseðlar hafa farið lækkaði og flugið vegur hlutfallslega minna í heildarkostnaði. Flugfarseðlar bera enn ekki VSK. Á móti hefur hluti gistingar í ferðakostnaði á Íslandi hefur farið hækkaði. Fjölmörg lönd hafa áratugum saman stutt við uppbyggingu ferðaiðnaðar með beinum og óbeinum hætti. Samkeppnin er nánast um sömu ferðamennina þar sem valið um ferðir um heim allan er nær óendanlegt. Ísland hefur þegar komist á blað sem hlutfallslega dýrt land og kann það að koma harkalega í bakið á ferðaþjónustunni, einkum ef rekstraraðilar reyna að stytta endurgreiðslutíma fjárfestinga og hækka verð umfram það sem markaðurinn þolir. Stóru kostnaðarlíðirnir hérlendis eru einkum gisting, matur og vín eða drykkir.

Nú skellur fyrirvaralaust áhættuviðvörðun á ferðaþjónustuna. Hækkun VSK á gistiþjónustu mun bæði bitna á eldri framkvæmdum sem og þeim sem eru í uppbyggingu eða undirbúningi. Áhættan er þannig ekki af hálfu óveðurs eða náttúrafla heldur vegna stjórn mála og

óvandaðra vinnubragða þar á bæ. Það er í raun verri áhættuþáttur gagnvart fjármálamarkaði. Verði gisting sett í hærra þrep VSK með árs fyrirvara er ljóst að stjórnvöld setja ferðaþjónustuna í mikla hættu. Atvinnugreinin kann að verða fyrir miklu og óafturkræfu höggi. Til viðbótar við styrkingu gengis gjaldmiðilsins eða krónunnar er afar hæpið að hægt verði að koma hækkun VSK á gistingu yfir í verðlagið nema á löngu tímabili. Þetta leiðir til þess að nettótekjur lækka og áhrifin geta orðið keðjuverkandi. Fjárfestingar, sem teknar voru af yfirveguðu ráði á grunni vandaðra áætlana og útreikninga, á grundvelli þess að sátt væri um 11% VSK á gistiþjónustu, geta nú lent í taprekstri með mjög alvarlegum afleiðingum. Spyrja má hvernig hægt verði að leggja unga atvinnugrein, enn í uppbyggingu, í svo mikla hættu án undangenginnar nákvæmrar rannsóknarvinnu? Erlendir samkeppnisaðilar í ferðaiðnaði mun eflaust fagna þessu útspili stjórnvalda og mögulegum afleiðingum þess.

Ekki er að sjá að tillögur stjórnvalda um hækkun VSK á gistiþjónustu séu byggðar á vandaðri og faglegru greiningarvinnu þar sem ákvörðun er byggð á staðreyndum fremur en tilfinningum. Ekki var einu sinni haft samráð við helstu hagsmunaaðila varðandi útfærslu. Margir töldu að náðst hefði tímabundin sátt, til nokkurra ára, um 11% VSK á gistiþjónustu. Er það miður að stjórnvöld skuli nú fyrirvaralítið viðhafa slík vinnubrögð. Fátt er atvinnulífinu skaðlegra en óvissa um áreiðanleika stjórnvalda við ákvörðunartöku, sem skipt getur sköpum og afkomu og framtíð.

Það eru tilmæli undirritaðs til Alþingis að farið verði í vandaða greiningarvinnu í samstarfi við ferðaiðnaðinn og niðurstaða af vandaðri vinnu verði notuð sem grundvöllur ákvarðanatöku um breytingar á VSK, hvað atvinnugreinin kann að þola, hvaða tímasetningar eigi að miða við, o.s.frv. Miklir hagsmunir eru í húfi fyrir land og þjóð. Slíka ákvörðun má og alls ekki taka í flýti eða á grunni ófullnægjandi upplýsinga.

Með kveðju,

Kristján B. Ólafsson kt. 070456-2659.

Rekstrarhagfræðingur og áhugamaður um markvissa uppbyggingu í ferðaiðnaði.